


# MIKINES



LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Kjarvalsstöðum, 26. janúar–6. apríl, 2008

# MIKINES



LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
KJARVALSSTADIR • HAFNARIHÓS • ÁSMUNDARSAFN

Í minningu Lizzie Joensen (1949–2008)

Þessi bók var gefin út í tilefni yfirlitssýningar á verkum Sámal Joensen-Mikines  
í Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum, 26. janúar – 6. apríl, 2008

Sýningstarstjóri og ritstjóri skrár: Aðalsteinn Ingólfsson

Eigendur Listaverka: Listasavn Føroya, Føroya Banki, Eik Banki, Safn Ingibjargar  
Guðmundsdóttur og Porvaldar Guðmundssonar, Axel Gíslason, Sæmundur  
Sveinsson

Prentun: Prentmet

Ljósmyndir: Per á Hædd, Kristján Pétur Guðnason

Myndvinnsla og litgreining: Christopher Lund

Hönnun og umbrot: Prentsnið ehf. – Helga Tómasdóttir

Með stuðningi: Landsbanka, Aðalraeðisskrifstofu Íslands í Færeyjum, Samskipa,  
Samstarfssjóðs NUUK Reykjavíkur og Þórshafnar

© 2008 Listasafn Reykjavíkur, höfundar greina og ljósmynda  
Allur réttur áskilinn

ISBN 9979-769-34-3

Listasafn Reykjavíkur

Kjarvalsstaðir

Flókagata 24, 105 Reykjavík

Tel: +354 517 1290

Fax: +354 590 1201

listasafn@reykjavik.is

www.listasafnreykjavikur.is

# MIKINES

LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Kjarvalsstöðum, 26. janúar–6. apríl, 2008

## Formáli og þakkarorð

Sámal Joensen-Mikines hefur verið kallaður faðir færeyskrar myndlistar. Hann var fyrstur færeyskra málara sem hafði myndlist að atvinnu og fyrstur að hljóta viðurkenningu fyrir list sína á erlendri grund. Staða hans sem brautryðjanda og fyirmynnd yngri listamanna hefur stundum verið líkt við stöðu Kjarvals í íslenskri myndlist. Báðir höfðu þessir stórbrottu listamenn djúp tengsl við náttúru og lifnaðarhætti hvor í sínu landi, og báðir hafa þeir haft áhrif á hvernig eftirkomendur þeirra sjá umhverfi sitt. Það er því löngu tímabært að kynna Mikines á Íslandi og Kjarval í Færeyjum. Petta er markmið okkar. Um leið og stór yfirlitssýning á verkum Mikines er sett upp á Kjarvalsstöðum fara málverk eftir Kjarval úr safneign Listasafns Reykjavíkur á sýningu í Listasafni Færeyja í Pórshöfn.

Mikines tók þátt í samsýningu færeyskra listamanna í Reykjavík 1961 en nú er í fyrsta skipti gerð grein fyrir öllum ferli hans hér á landi. Á sýningunni eru um 50 málverk og spannar hún hálfar aldar tímabil. Fyrsta verkið var málað 1928, um það leyti sem Mikines hóf nám við Konunglega Akademíð í Kaupmannahöfn 22 ára gamall og það síðasta var málað við lok ferils hans 1971 en eftir það var hann að mestu óvinnufær vegna sjúkleika og slysfara.

Það eru margir sem hafa lagt hönd á plöginn við undirbúning sýninganna. Fyrstum vil ég þakka Kjartani Magnússyni, fyrirverandi formanni Menningar- og ferðamálaráðs, fyrir stuðning hans og hvatningu. Eiður Guðnason, aðalræðismaður Íslands í Færeyjum, hefur lagt þessum menningarsamskiptum Íslands og Færeyja lið sitt og greitt fyrir þeim í hvívetna. Forstöðumaður Listasafns

Fareyja, Helgi Fossádalur, hefur verið helsti samstarfmaður minn í Færeymum og án hans liðsinnis hefðu sýningarnar ekki orðið að veruleika. Einnig vil ég þakka Bárði Jákupssyni, helsta sérfræðinga Færeyinga um Mikines, fyrir framlag hans til þessarar bókar. Síðast en ekki síst þakka ég sýningarstjóranum Aðalsteini Ingólfssyni fyrir að gefa þessu yfirliti yfir feril Mikines skýra stefnu. Sýningin kemur í kjölfar stórrar bókar um Mikines sem Aðalsteinn skrifaði og Nesútgáfan gaf út nýverið og njótum við góðs af mikilli rannsóknarvinnu hans á list Mikines.

Hafþór Yngvason  
Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur



**Frá Mykines-eyju**, 1928

Olía á striga, 71 x 104 sm

Sæmundur Steinsson

## Mikinessmálarinn

Sámal Elias Joensen-Mikines (1906–1979), einn mætasti málari Færeyinga, er fæddur á brimsorfinni útey, Mykinesi, – útverði Færeyja til vesturs. Hann var yfirleitt nefndur „Mikinessmálarinn“, eða bara „Mikines“, og tók sér alfarið það heiti síðar á ævinni. Samþand hans við mannlif og náttúru bernskustöðvanna var náið og innilegt allt til æviloka.

Mikines hefur síðar breyst í Mykines samkvæmt nýjum stafsettningarreglum.

Hin danska ekkja Mikiness sagði að sér hefði oft blöskrað, hve illa hann færi með sig, og hafði margsinnis bent honum á þá staðreynd, að lifnaðarhættir hans gætu ekki hvað síst haft slæmar afleiðingar fyrir hann sjálfan. Hann svaraði og sagði: „Hafðu engar áhyggjur, kona góð. Ég hvíli á traustum meið heima í Færejum“. Og þetta voru orð að sönnu. Mikines sótti mikinn styrk til uppruna síns og ættar og var tengdur sveitungum sínum afar sterkum böndum. Við, sem uppi erum í dag, eigum erfitt með að gera okkur grein fyrir, hversu náin slík tengsl voru, því fyrir einungis tweimur, þremur kynslóðum síðan byggði búseta á lítilli útey á félagslegri nálægð og samfélagsstefi, sem vart er til í alheimsvæðingu nútímans.

Pótt Mikines byggi árum saman í útlegð í Kaupmannahöfn, var hann ætið nátengdur aldagamalli faereyskri hefð og menningu og stóð uggur af hinni örú samfélagsþróun og menningarglötun, er átti sér stað í kjölfari síðari heimsstyrjaldarinnar. Á efri árum, þegar hann varð að troðast með málaratrönurnar milli steyptra húseggja til að finna sér myndefni í tjörguðum þiljum bernskudag-

anna, fannst honum þorpið sitt litla hafa tekið svo miklum stakka-skíptum, að hann kannaðist varla við sig.

Einföld sál, myndi einhver komast að orði, afturhvarf til fortíðar eða kannski veruleikaflótti. En svo var ekki. Nútíminn og stein-steypan héldu svo skyndilega innreið í hið einangraða eyjasamfé-lag, að öllum varð hverft við.

Aðlögunin var svo til engin.

Við lok nítjándu aldar og um aldamótin næstsíðustu höfðu ljóðskáldin leitað nýrra leiða og nýttu nú allt aðra bragarhætti en tiðkast höfðu í gömlu danskvæðunum. Skáld og rithöfundar, jafn-aldrar og vinir Mikiness, fengust við nýsköpun, og á fjórða áratug síðustu aldar hélt hann einnig á ný mið sem brautryðjandi í list-grein sinni – myndlistinni.

Það var þessum nýju listgreinum, ásamt vakningu færeyskra þjóðernissérkenna að þakka, að Færeyingar vöknudu til vitundar um eigin menningarauðæfi og tóku slík mál til umfjöllunar. Ef-laust hefði Mikines getað orðið gott skáld og rithöfundur, en túlk-unarsvið hans varð engu að síður myndlistin. Og þrátt fyrir að þessi listgrein væri ný og lítið þekkt meðal fólksins, gerðu flestir sér grein fyrir, að búast mátti við undrum og stórmerkjum frá hans hendi.

Rithöfundurinn William Heinesen (1900–1991), sem einnig fékkst við að teikna og mála, bauð Sámali að halda með sér sýningu á verkum sínum í Tórshavn árið 1927 og sömuleiðis ári síðar. Þetta var fyrsta sýning Mikiness, landslagsmyndir frá Mykinesi, og listaverkin seldust öll. Vinátta hans og Williams hélst til æviloka, og William var honum mikil hjálparhella. Hann ásamt öðrum vinum – einkum ljóðskáldum, rithöfundum og öðrum menningarjöfrum – hvatti Sámal til að halda á vit stórborgarinnar, Kaupmannahafnar – höfuðborgarinnar í Norðuratlantshafi – að nema list við listaháskólann. Þetta var árið 1928, og Sámal Elias Joensen varð fyrstur Færeyinga til að taka hið stóra skref að afla sér menntunar sem verulegur listamaður og helga líf sitt listgrein sinni einvörð-



Portrett af skáldinu H.A. Djurhuus, 1934

Olía á striga, 72 x 58 sm

Listasafn Færeya

ungu. Þetta var afdrifaríkt fyrir færeyska list og menningu. Hann varð fyrsti atvinnumaður Færeyja á þessu sviði og stendur fyllilega undir heitinu „faðir færeyskrar myndlistar“.

Að námi loknu, árið 1932, snéri Mikines aftur til Færeyja, og bjó upp frá því til skiptis í Tórshavn og Mykinesi, en þó aðallega í Kaupmannahöfn. Heimaey sína heimsótti hann flest sumur og fann sér þar innblástur og myndefni sem og annars staðar í Færeyjum.

Í fyrrlestri, sem Mikines hélt í Færeyingafélaginu í Kaupmannahöfn á stríðsárunum um eina af sínum aðalfyfirmynnum, Edvard Munch, notaði hann aftur og aftur orðið „málaraskáld“. Munch var „skáld mikið á sviði málaralistar“. Þar með heldur hann því í raun og veru fram, að málverkið sé ljóð, en slíkt orðalag var ögrun gegn venjulegum listskilningi á þeim tíma, því margir samtíðamálarar hans höfðu horn í síðu bókmenntanna og bannlýstu bókmenntaáhrif í verkum sínum. Mikines komst svo að orði: „Munch var fyrst og fremst hinn mikli meistari litanna, en hann hefur sýnt okkur, að, þegar sannir listamenn standa að verki, misprýðir bókmenntaþátturinn, sem hefur verið bannlýstur í nútímalist, síður en svo listaverkið“. Fullyrðingar Mikiness féllu ekki í góðan jarðveg, þótt ekki sé erfitt að ímynda sér, að sönnum expressjónista og Færeyingi hafi engan veginn verið framandi að hugsa um myndefni í ljóðrænu formi.

Kannski var það einmitt þetta, sem olli því, að Færeyingar, sem þekkja vel til skáldskapar, tóku myndlist Mikiness opnum örnum, og þessi bókmenntaáhugi og skáldskaparþekking er kannski aðal-ástæða þess, að áhugi Færeyinga á myndlistarsviðinu er yfirleitt mikill og almennur. Færeyskt ljóðskáld komst svo að orði í sambandi við skilning torskildra fyrirbrigða, að „kvæði er eins og mynd“.

Myndlist og skáldskapur eru að sjálfsögðu tvær mismundandi listgreinar, tvenns konar tjáningarför, og slá einungis endrum og sinnum á sömu strengi í hugarfylgsnum sköpunarinnar. List



**Fyrir jarðaför**, 1935

Olía á striga, 189 x 232 sm

Listasafn Færeysja

Mikness er hins vegar þrunin harmaheimi kvæðanna, og þess vegna átti þjóðin afar auðvelt með að tileinka sér hana.

Náttúran heima fyrir bauð ekki einungis upp á tilkomumiklar náttúrulýsingar, útsýni yfir fjöll og dali, himin og haf, allt saman myndefni, sem frumkvöðlar á sviði landslagsmálunar höfðu fengist við síðan um aldamótin 1900. Pensill Mikinesmálarans, hugmyndafl hans, still, litir og áferð sýna hins vegar – svo ekki sé um villst – viðkvæma lund, rómantískan hugsunarhátt og tilfinningaþunga og sanna fyrir okkur, að myndlistin getur róið á önnur og fjarlægari mið.

Náttúran er sterkur þáttur í verkum Mikiness, og náttúruhughrifin innileg. Um færeyska litadýrð segir hann eitt sinn í sendibréfi:

„... en orð fá lýst. Hér í eyjunum birtast litirnir á undrunarverðan hátt í hinu raka lofti, oft á tíðum sem ljós-brot. Ég hef séð himin og haf renna saman í grámosa, glitrandi sem kuðung, og ljósfossa, er steypast allt í einu í ofsaveðri gegnum dökka skyjabólstra og varpa birtu á hafið, klettana, grænar hlíðar og svört húsin í þorpinu. Hvort tveggja í senn, mjúkur bjarmi og sterkur glampi. Hughrifin eru sterk...“

Pessi sterku tengsl við færeyska náttúru eru undirrót listar Mikiness, og í henni er greinilega expressjóniskur norðurlandatónn. Á árunum 1933–1942 er mannleg þjáning aðalmyndefni hans, og hinn viðkvæmi listamaður komst þegar á barnsaldri í nánd við mikil veikindi og andlát, því þrjú systkini hans og faðir urðu berklum að bráð. Litla þorpið varð og fyrir skipsbrotum og öðrum slysum, og árið 1933 fórust tvær skútur á heimleið af Íslandsmiðum, á annarri voru níu ungar menn úr Mykinesi – ættингjar og vinir, og Mikinesmálarinn tekur þjáninguna til sín og setur saman stóra meinlætisminnisvarða í dökkum litum, syrgi-



Skipin láta úr höfn, um 1938

Olía á striga, 97 x 122 sm

Færeyjabanki

endur við sjúkrabeð, líkbörur, að jarðarför lokinni, í erfidrykkju. Innilegar andlitsmyndir af Mykinessmönnum og konum voru og festar á léreft á þessum tíma, og án efa er tímabilið 1933–1935 eitt hið merkasta í listsköpun hans. Hann gat að sönnu sagt við Edvard Munch: „Alla list verður að skapa úr blóði hjartans. Listin er blóð hjartans“.

Mikines sækist eftir að tjá einfalda og bersögla minningarheild. Styrkurinn er hin tignarlega samsetning í verkum hans.

Árið 1942 tók Mikines til við þema, sem varð eitt af hápunktum listaferilsins, grindardrápið. Hann fæst við þetta ægiefni, átök lífs og dauða, í djörfum samsetningum, og hinn rómantíski ofurhugi einkennir mörg verka grindardrápstímabilsins. Greinileg áhrif sjást frá franska meistaranaum Delacroix. Á langri utanlandsferð árið 1937, sem hófst í Noregi og endaði í París, kynntist hann bæði Munch og Delacroix, og hugurinn stóð æ meir til hins síðarnefnda, en í verkum Delacroix má finna djörfung og styrk, sem leystu úr læðingi liti og hrifu huga Mikiness, og þar með hefst uppgjör við „myrkur dauðans“, sem hafði verið svo sterkur þáttur í verkum hans á fjórða áratugnum.

Við stríðslok breytast listaverk Mikiness. Hann leggur nú frekar áherslu á liti og form en expressjóniskt, ljóðsögulegt innihald, og við tekur listræn litadýrð. Hann málar fjöldann allan af færeyskum landslagsverkum, sækir sér sérstaklega myndefni til heimaskóðanna í Mykinesi og tekst á við sterkar litfyllingar. Um miðjan sjötta áratuginn sækir hann þó enn og aftur í þema yngri ára og skapar mörg sinna merkstu verka í margslungnum samruna expressjónisma fjórða áratugarins og litadýrðar nútímans.

Mikines staðnaði aldrei og reri sí ofan í æ á ný mið. Form og smáatriði samsetningarinnar urðu einfaldari, en litadýrðin náði sér á strik, og sérlega hinar síðustu grindardrápsmyndir tóku á sig óhlutbundin blæ.

Saga færeyskrar myndlistar hófst um aldamótin næstsíðustu með fyrstu landslagsmálurunum, sem voru fæddir í kringum 1870.



Við dánarbeðinn, 1940

Olía á stríga, 136 x 181 sm

Eik Banki

Hins vegar hefst nýtt djúpsæismyndlistarskeið með tilkomu Mikinessmálverkanna á fjórða áratug tuttugustu aldar. Það, að færeyskur málari fór myndmenntaveginn og hægt var að kynnast þroskaðri list á fyrstu málverkasýningu hans árið 1934 í Tórshavn, varð mörgum hugkveikja, og innan skamms komu efnilegir lista-menn héðan og þaðan fram á sjónarsviðið, úr Tórshavn, sunnan úr Vági, úr Klaksvík, norðan úr Mikladali. Allir fetuðu þeir í fótspor Mikiness og fóru á listaakademíuna í Kaupmannahöfn, en áður en hendi var veifað skall síðari heimsstyrjöldin á, og allir með tölu – m.a. Janus Kamban, Ruth Smith, Jóannis Kristiansen, Elinborg Lützen, Ingálvur av Reyni – urðu innlyksa í stórborginni öll styr-jaldarárin, og innan þessa hóps þróaðist ný og fjölbreytt myndlist. Að styrjaldarlokum flutti þessi myndlistarhópur heim, enn aðrir bættust í hópinn – m.a. Steffan Danielsen, Zacharias Heinesen og Tummas Arge – og verulegt myndlistarumhverfi komst á laggimar í hinni litlu höfuðborg okkar.

Mikines hefur haft afgerandi áhrif á færeyska nútimalist. Úr litadýrð hans hefur sprottið expressjónískt meginafl, sem hefur mótað flestalla færeyska myndlistarmenn, sem faeddir eru á fjórða, fimmta og sjötta áratug tuttugustu aldar. Og þótt þessir listamenn séu afar ólíkir, sjást greinileg náttúruáhrif og expressjónísk litadýrð í verkum þeirra. Yngsta kynslóð færeyskra myndlistarmanna hefur gert uppreisn gegn þessum stil, slikt er einungis sanngjarnt og rétt og birtir okkur þá von, að nýar slóðir verði troðnar til framtíðar.

Bárður Jákupsson



Jesús gengur á vatninu, 1944

Olía á striga, 142 x 173 sm

Listasafn Færeyja

Grindardráp, 1949  
Olía á striga, 94 x 114 sm  
Færøyjabanki







Hús á Mykines-eyju, 1950

Olía á striga, 85 x 96 sm

Listasafn Faerneyja

# Samtímalistin og samkenndin

## Hugleiðing um Mikines og færeyska myndlist

Það er rétt, eins og Bárður Jákupsson hefur oftsinnis tekið fram í skrifum sínum um myndlist, að það er til lítils gagns að ræða stefnur og strauma þegar færeysk myndlist er annars vegar. Hún er sér á parti, *sui generis*, verður til löngu eftir að aðrar Evrópuþjóðir hafa tekið út myndlistarlegan þroska, í einangruðu og fámmennu menningarsamfélagi langt frá svokölluðum þungamiðjum nútímalegrar myndlistar. Þegar myndlistin er loksns orðin að veruleika í landinu, ekki síst fyrir tilstilli Sámsals Joensen Mikines, er stöðugt fyrir hendi verulegur þrýstingur á listamennina frá því fámenna og íhaldsama samfélagi sem hún er sprottin upp úr að koma til móts við hugmyndir þess um æskilegt útlit og hlutverk hennar. Þær hugmyndir voru að stórum hluta mótaðar af þeirri myndlist sem færeyskt menningarsamfélag þekkti best, nefnilega 19 aldar danskri myndlist.

Mikines tók tillit til þessa; til að mynda forðaðist hann að mála nektarmyndir, þar sem hann vissi að hann gæti aldrei sýnt þær eða selt í Þórshöfn. Og fyrst við erum að tala um þolmörk menningarsamfélags, þá er álitamál hvort abstraktlist hafi nokkurn tímann skotið rótum í Færeyjum. Í mínum augum eru stórbrotin málverk Ingálvs av Reyni landslags- eða mannlifsmyndir í æðra veldi, ekki útlistanir fullkomlega óhlutbundins veruleika.

Saga og aðstæður hafa því sett færeyskum myndlistarmönnum ákvæðnar hömlur, beint þeim inn á braut hlutlægrar málralalistar, þar sem myndefnið er ýmist mannlif eða landslag í Færeyjum. Glæsillegur árangur þeirra á síðustu áratugum er að þakka því hvernig þeir hafa snúið þessum aðstæðum sér í hag. Meðvitað eða ómeðvit-

að hafa þeir virt þessar hömlur, um leið og þeir hafa kappkostað að reyna á þanþol þeirra, kafa sífellt dýpra í myndefni sitt, brjóta það til mergjar uns eftir stendur hreinn og tær listrænn kjarni þess.

Það er til að mynda meiriháttar upplifun fyrir auga og sinni að gaumgæfa óteljandi tilbrigði Mikines um litla þorpið úti á Mykineseyju, þar sem hann er fæddur og uppalinn, skoða hvernig listamaðurinn fer út á ystu mörk í túlkun sinni á staðsetningu, umfangi og litbrigðum húsanna í kvosinni, án þess þó að segja nokkurn tímann skilið við veruleika hlutanna. Markmið hans er sampjöppun merkingarinnar, ekki dreifing hennar. Ég bendi sérstaklega á nokkur málverk frá árunum 1955–1961 í eigu Færeysbanka. Sérhvert þessara málverka birtir okkur nýja sýn á myndefnið. Hér lagði Mikines grunn sem eftirkomendur hans í listinni hafa byggt á.

Pessi viðleitni færeyskra listamanna hefur verið kennd við expressjónisma, sem er ekki óeðlilegt, þar sem hún er iðulega átakamikil, dramatísk, og knúin áfram af miklum persónulegum tilfiningum.

Og þar sem fyrstu færeysku listamennirnir áttu sér ekki bakharl í lifandi hefð, voru þeir allsendir óhræddir við að nýta sér það sem gagnaðist þeim úr heimslistinni, ekki síst myndlist sem gerð var á svipuðum forsendum og þeirra eigin. Sömuleiðis var ekkert sem sagði þeim að þeir ættu að vera sjálfum sér samkvæmir.

Hvortteggja á við um Mikines. Samkennd hans með nokkrum þekktum listamönnum úti í heimi var slík að fyrir kom að hann yfirtók myndsýn þeirra. Til dæmis var aðáun hans á Edvard Munch skilyrðislaus, fyrir honum var norski listjöfurinn ekki bara hið „mikla myndskáld“ 20stu aldar, heldur höfðu þeir báðir alist upp í skugga „hvítá dauðans“, verið ólánsamir í ástarmálum og leitað sér huggunar í drykkjuskap.

Þegar Mikines endurskapar endurminningar sínar frá dauðastriði ættingja sinna heima á Mykines-eyju, þá gerir hann það í sama „dúr“ og Munch, þegar hann segir frá dauða ungrar systur sinnar. Ástarbríma þeirra Elinborgar Lützen kýs hann einnig að sjá



Færeyskur dans, 1944

Olíva á stríga, 144 x 190 sm

Listasafn Færeyskra


með augum Munchs, sjá málverkið *Kvöld* (1940–1941), sömuleiðis er það ljósметtað *Vorið* eftir Munch í Háskólanum í Oslo sem kemur upp í huga Mikines þegar hann þarf að koma til skila næstum yfirskilvitlegri náttúruinnlifun á árunum eftir síðari heimstyrjöld.

Annar listamaður sem hafði afgerandi þýðingu fyrir Mikines var franski rómantíkerinn Eugéne Delacroix (1798–1893), en honum kynntist hann í Paríssarferð sinni 1937. Eitt málverk eftir Delacroix varð honum sérstaklega minnistætt, nefnilega *Bátur Dantes* (1822), svo mjög að það setti mark sitt á nánast allar myndir af bátum og grindardrápi sem hann gerði eftir það.

*Bátur Dantes* sýnir skáldin Virgilus og Dante, ásamt bátsmanninum Karon, á leið yfir ólgandi fljótið Styx; allt um kring svamla glataðar sálar og reyna ýmist að komast upp í bátinn eða höfða til samúðar farþeganna. Mikines yfirfærir þessa myndsýn á grindardrápið, þar sem deyjandi hvalirnir ólmast í blóðrauðu löðrinu kringum bátana. Og þegar hann þarf að túnka taktfast samspil háarbeittra lensanna í höndum færeyskra sjómanna, leitar hann á náðir Endurreisnarmálarans Paolos Uccello (1396–1475), sem mál-aði frægar bardagamyndir þar sem spjót og lensur koma við sögu. Enda kannski ekki um mörg nýtileg fordæmi fyrir slíkum uppkomum að ræða í samtímalistinni.

Óhjákvæmilega skipti dönsk myndlist Mikines töluverðu máli við upphaf ferils hans í Kaupmannahöfn, enda þekkti hann þá ekki aðra myndlist nema af bókum. Þar valdi hann sér fyrirmyn dir sem hentuðu markmiðum hans á hverjum tíma. Til að mynda hafði kennari hans, Ejnar Nielsen, mikla þýðingu fyrir Mikines framan af, ekki síst vegna harmrænnar listsýnar sinnar. Fyrstu myndir Mikines um sorg og dauða eru unnar undir merkjum hans. Hins vegar sótti Mikines nánast ekkert til annars kennara síns við Akademíð, Aksels Jørgensen, en þjóðfélagsádeilur hans hafa líklega ekki höfðað til hins íhaldsama færeyska sveitapilts.

Við upphaf fimmtra áratugarins, þegar listsýn Mikines var fullmótuð, fækkar tilvísunum í danska myndlistarmenn, jafnvel þótt



Portrett af Guttermi Eysturoy, 1949

Olfa á striga, 100 x 83 sm

Listasafn Færeya

hann væri þá í nánum tengslum við svokallaða Decembrista, stóran hóp danskra listmálara. Þó nýtir hann sér ýmislegt úr stökum verkum eldri listamanna, til dæmis Önnu Anchur; jafnvel er eins og síðari mannamyndir Vilhelms Lundstrøms hafi haft einhver áhrif á hann (sjá t.d. *Kringum dámarbeðið*, 1940, Eik Banki). Þetta er á þeim árum sem Mikines er með allan hugann við færeysk myndefni.

Síðustu æviárin, þegar Mikines dró úr Færeyjaferðum og hóf þess í stað á mála í Noregi og Danmörku, fyrst og fremst á Borgundarhólmi (einnig eru heimildir um myndir undir íslenskum áhrifum, málaðar í kjölfar hingaðkomu listamannsins 1961), þá lagar hann sig heilshugar að danskri málarahefð, rétt eins og hann yfirtók myndsýn Munchs forðum daga.

Á Borgundarhólmi hóf hann að mála miðsumarnæturþákesti í anda Borgundarhólmsmálarans þekkta, Olufs Høst, sjá t.d. *Bálkostur á Borgunahólmi*, 1966, (Listasafn Færeyja). Auk þess gerir hann fjölmög tilbrigði um annað þekkt danskt viðfangsefni, sólarlagsmyndir Jens Søndergaards, sem sýna einmana fólk á ströndinni andspænis ofurviðáttunum og eilifðinni. Bent Irve, einn helsti áhugamaður um myndlist Mikines í Danmörku, litur á þessar myndir sem hnignunarmerkir, örvaentingarfullar tilraunir listamannsins til að endurnýja sig.

Rétt er að þetta eru ekki frumlegustu myndir sem eftir Mikines liggja. En birtist ekki líka í þeim einn höfuðkostur listamannsins, ofurviðkvæmni hans, hvernig hann tók inn á sig allt sem henti hann, hvort sem er í listinni eða lífinu og hvar sem hann var staddur?

Og þegar öllu er á botninn hvolft er þessi ofurviðkvæmni, eins þungbær og hún reyndist Mikines persónulega, undirstaða þess ríka skilnings sem gegnsýrir öll helstu verk hans á því hvað það þýddi – og þýðir kannski enn – að vera Færeyingur í brimróti nútímans.



Vorið, 1951

Olía á striga, 130 x 178 sm

Listasafn Færeysja



Norðanvindur, 1957  
Olía á striga, 100 x 155 sm  
Listasafn Færeyja





Báturinn dreginn á land, 1952

Olía á striga, 119 x 159 sm

Listasafn Færeya

## Æviágrip

- 1906 Fæddur Sámal Elias Frederik Joensen á Mykines-eyju þann 23. febrúar, elstur sex barna Jóhannesar Frederik Joensen, kóngsbóna, og Önnu Katrínar, konu hans.
- 1923 Sendur til Danmerkur til að læra á fiðlu; fær húðsjúkdóminn psoriasis fyrsta sinni.
- 1924 Tekst ekki að verða sér úti um kennaramenntun í Þórshöfn; hittir umflakkandi sænskan fuglamálara, William Gislander, sem vekur áhuga hans á málalist.
- 1927 Tekur í fyrsta sinn þátt í listsýningu í Þórshöfn, ásamt með William Heinesen og Jákup Olsen. Samneyti við skáld og fræðimenn. Janus Kamban, síðar myndhöggyvari, sá sýninguna og hreifst af verkunum.
- 1928 Önnur sýning þeirra þremenninga, hlýtur styrk til að nema málalist við Konunglega akademíð í Kaupmannahöfn. Kennari hans fyrstu árin er Ejnar Nielsen. Þátttakandi í líflegum samkomum danskra og fær-eyskra listamannefna. Vinfengi við Henry Heerup.
- 1930 TWO systkina hans deyja úr berklum. Aksel Jørgensen verður kennari hans við Akademíð. Meðal skólafelaga hans þar er Jón Engilberts. Málar sumarlangt í Færeyjum fyrsta sinni. Þjáður af psoriasis.
- 1931 Heldur fyrstu sýningu sína í Kaupmannahöfn. Verk eftir hann er að finna á Haustsýningu danskra listamanna. Fer að kalla sig Joensen-Mikines eða Mikines.
- 1932–1933 Lýkur námi við Akademíð og málar fjölda mynda af landslagi og framámonnum í Færeyjum. Fenginn til að mála altaristöflu á Fugloy. Gerir fyrstu drög að stórmynndinni *Heimferð eftir útför*.
- 1934 Heldur fyrstu stóru einkasýningu sína í Þórshöfn. Níu sjómenn frá Mykines-eyju farast í stórvíðri á Íslands miðum. Faðir deyr úr berklum.

- 1935 Málar fyrstu útgáfu af *Heimferð eftir útför og Portrett af konu frá Mykines-eyju*.
- 1936 Illa haldinn af psoriasis-sjúkdómnum um margra mánaða skeið, verður litið úr verki.
- 1937 Sýnir *Heimferð eftir útför* á Vorsýningunni í Charlottenborg og hlýtur nokkur verðlaun og ferðastyrk. Ferðast til Bergen, Osloar, Gautaborgar, Stokkhólms, Kaupmannahafnar og lokt til Parísar; þar sem hann dvelur um þriggja vikna skeið. Hefur mestan áhuga á verkum Munchs, Delacroix og El Grecos.
- 1938 Sýnir bæði í Pórshöfn og Kaupmannahöfn. Tekur saman við Elinborgu Lützen og þau flytjast til Kaupmannahafnar. Hlýtur styrki og aðrar viðurkenningar í Danmörku. Kynni af Sigurjóni Ólafssyni, Svavari Guðnasoni og Sveini Pórarinssyni.
- 1940 Verður innlyksa í Danmörku þegar Bretar hernema Færeysar, ásamt nokkrum öðrum færeyskum lista- og menntamönnum. Málar *Kvöld* og *Við dámarbeðið* (í eigu Eik Banka)
- 1941 Sýnir víða í Danmörku, gengur í listamannasamtökum Decembristerne og tekur þátt í starfsemi nýstofnaðs Listafélags Færeysa, sem hefur að markmiði að leggja grunn að færeysku þjóðlistasafni. Fyrsta verkið sem félagið kaupir er verk hans sjálfs, *Morgunn* (Listasafn Færeysa).
- 1942 Málar í fyrsta sinn mynd af grindardrápi.
- 1944 Sýnir með Decembristerne, þ.á.m. lykilverk á borð við *Færeyskan dans* og *Morgunsöl*. Heldur áfram að mála grindardráp. Giftist Elinborgu Lützen.
- 1945 Sýnir og selur vel í Danmörku, auk þess sem hann hlýtur rausnarlega styrki. Tekur fyrsta skip til Færeysa að loknu hernámi ásamt Elinborgu Lützen. Sest að í Pórshöfn.
- 1946 Er vændur um að hafa verið hallur undir nasista á Kaupmannahafnarárum sínum og Decembristerne setja hann í þriggja ára sýningarbanni. Stór sýning á verkum hans, nýjum og gömlum, haldin í Pórshöfn. Ákveður að hverfa ekki aftur til Danmerkur að sinni. Þjáður af psoriasis um margra vikna skeið. Kynnist Ingálvi af Reyni.
- 1948 Stór sýning á verkum hans í Pórshöfn.
- 1949 Áformar að byggja sér heimili og vinnustofu í Færeysum, en er tek-



Póstbáturinn (Brottför), 1954–1955

Olía á striga, 110 x 150 sm

Listasafn Færeya

inn í sátt af félögum sinum i Decembristerne og fær boð um að taka þátt í sýningu þeirra í Danmörku. Málar *Portrett af Guttormi Eysturoy*.

**1950** Áformar enn að reisa sér hús, nú á Mykines-eyju, en leggur þau áform til hliðar af óþekktum ástæðum. Gamall kennari hans, Ejnar Nielsen, kemur í heimssókn. Málar margar af þekktustu myndum sínum, jafnt útfararmyndir sem landslagsmyndir. Þekktust þeirra er sennilega *Nordanvindur* (Listasafn Færeyja).

**1950** Sýnir enn í Pórshöfn. Heiðurslaun til færeyskra listamanna á dönskum fjárlögum í fyrsta sinn, og falla þau í skaut Mikinesi og nokkrum starfsbraeðra hans.

**1952** Stór sýning í Pórshöfn, opinber innkaup og verkefni. Skilnaður hans og Elinborgar Lützen. Sest aftur að í Kaupmannahöfn.

**1953** Sest að í Rødøvre, tekur þátt í sýningum Decembristerne og hlýtur veglegan starfsstyrk þeirra. Þjáður af psoriasis.

**1954** Gengur að eiga Karen Nielsen, sem er fráskilin hjúkrunarkona með eina dóttur. Sest að í háhýsi við Brøndbyøster-torg. Sýningar með Decembristerne vitt og breitt um Danmörku.

**1955** Málar *Póstbátur (Brottför)*.

**1956** Pau Karen eignast soninn Kára. Vinfungi við óperusöngvarann Kim Borg. Margar sýningar og viðurkenningar. Þjáður af psoriasis.

**1957** Dvelur í Kaupmannahöfn vetrarmánuði en í Færeyjum á sumrin. Boðsferð til Parísar, þar sem hann fer með konu sína í Louvre-safnið til að sýna henni eina mynd, *Bát Dantes* eftir Delacroix.

**1959** Illa haldinn af psoriasis um nokkurra mánaða skeið. Málar með Ingálvi av Reyni á Mykines-eyju. Stór og afar vinsæl sýning í Pórshöfn. Málverkasölur gera þeim hjónum kleift að leigja sér stóra íbúð með áfastri vinnustofu á besta stað í Kaupmannahöfn.

**1960** Illa haldinn af psoriasis og áfengissýki mestallt árið.

**1961** Sumardvöl utan Faereyja í fyrsta sinn; dvelur með fjólskyldu sinni í Borgundarholmi, þar sem hann kynnist Oluf Høst. Áhrifa frá Høst og Jens Søndergaard gætir í verkum hans. Ferðast með Karen til Reykjavíkur í tilefni af samsýningu færeyskra listamanna í Listasafni Íslands. Pólítískar deilur um notkun danska fánans á opnunardegri sýningarárinnar. Sýningin hefur afgerandi áhrif á myndlist Jóhannesar Geirs.



Handanágarður, 1957  
Olía á stríga, 65 x 80 sm  
Listasafn Færeysja

- 1962 Málar alfarið í Danmörku.
- 1963 Leigir vinnustofu Ejnars Nielsen og málar þar drög að altaristöflu fyrir Kirkjubóur. Dvelur nokkrar vikur á Mykines-eyju, milli þess sem hann er illa haldinn af psoriasis og áfengissýki.
- 1964–1965 Málar og sýnir bæði í Færeymum og Danmörku.
- 1966–1968 Illa haldinn af psoriasis og áfengissýki. Hlýtur ýmislegan heiður bæði frá færeyskum og dönskum yfirvöldum.
- 1969 Dvelur sumarlangt með fjölskyldu sinni í Borgundarhólmi; verður undir holskeflu við ströndina og er nærrí drukknaður, en er lífgaður við, of seint að margra mati. Náði sér aldrei til fullnustu eftir þetta slys.
- 1970–1972 Óvinnufær að mestu, en verk hans sýnd viða um Danmörku og annars staðar.
- 1972 Málar síðusta málverk sitt.
- 1973–1979 Á hæli og óvinnufær til dauðadags. Skilnaður hans og Karen, sem heldur áfram góðu sambandi við hann.
- 1979 Lést í Bispebjerg spítala í Kaupmannahöfn 21. september.



**Grindardráp, 1957**

Olía á striga, 99 x 148 sm

Færejabanki



Útsýni frá Mykineshólmi, 1959


Olía á striga, 100 x 124 sm

Eik Banki

## Sýningaskrá

- 1 Frá Mykines-eyju, 1928  
Olía á striga, 71 x 104 sm, Sæmundur Sveinsson
- 2 Portrett af Jóannesi Patursson, 1933  
Olía á striga, 67 x 83 sm, Listasafn Færeysja
- 3 Sjálfsmýnd, 1933  
Olía á striga, 86 x 62 sm, Listasafn Færeysja
- 4 Faðir minn, 1934  
Olía á striga, 51 x 42 sm, Listasafn Færeysja
- 5 Móðir mín, 1934  
Olía á striga, 94 x 64 sm, Listasafn Færeysja
- 6 Kona frá Mykines-eyju, 1934  
Olía á striga, 54 x 42 sm, Listasafn Færeysja
- 7 Portrett af H.A. Djurhuus, 1934  
Olía á striga, 72 x 58 sm, Listasafn Færeysja
- 8 Portrett af Dunga Hans Pauli, 1934  
Olía á striga, 52 x 31 sm, Listasafn Færeysja
- 9 Frá Mykines-eyju, regn, 1934  
Olía á striga, 57 x 65 sm, Listasafn Færeysja
- 10 Fyrir jarðaför, 1935  
Olía á striga, 189 x 232 sm, Listasafn Færeysja
- 11 Portrett af Símún av Skarði, 1935  
Olía á striga, 119 x 93.5 sm, Listasafn Færeysja
- 12 Portrett af Jörgen Jørgensen, um 1935–1939  
Olía á striga, 65 x 50 sm, Listasafn Færeysja

- 13 Skipin láta úr höfn, 1937–1938  
Olía á striga, 113 x 143 sm, Listasafn Færeysja
- 14 Meinlætamaðurinn, 1938  
Olía á striga, 55 x 46 sm, Listasafn Færeysja
- 15 Skipin láta úr höfn, um 1938  
Olía á striga, 97 x 122 sm, Færeysjabanki
- 16 Morgunn, 1939  
Olía á striga, 100 x 135 sm, Listasafn Færeysja
- 17 Við dánarbeðið, 1940  
Olía á striga, 136 x 181 sm, Eik Banki
- 18 Við dánarbeðið, 1941  
Olía á striga, 100 x 135 sm, Eik Banki
- 19 Grindardráp, 1942  
Olía á striga, 176 x 233 sm, Listasafn Færeysja
- 20 Morgunsól, 1943  
Olía á striga, 85 x 100 sm, Axel Gíslason, Reykjavík
- 21 Fólk við hafið, 1944  
Olía á striga, 89 x 96 sm, Listasafn Færeysja
- 22 Kristur gengur á vatninu, 1944  
Olía á striga, 142 x 173 sm, Listasafn Færeysja
- 23 Færeyskur dans, 1944  
Olía á striga, 144 x 190 sm, Listasafn Færeysja
- 24 Við líkbörurnar, um 1948  
Olía á striga, 100 x 120 sm, Listasafn Færeysja
- 25 Grindardráp, 1949  
Olía á striga, 94 x 114 sm, Færeysjabanki
- 26 Portrett af Guttormi Eysturoy, 1949  
Olía á striga, 100 x 83 sm, Listasafn Færeysja
- 27 Mykinesþorp, 1950  
Olía á striga, 100 x 125 sm, Færeysjabanki



Portrett af bláklæddum sjómanni, um 1963

Olía á stríga, 100 x 84 sm

Safn Ingibjargar Guðmundsdóttur og  
Þorvaldar Guðmundssonar

- 28 Hús á Mykines-eyju, 1950  
Olía á striga, 85 x 96 sm, Listasafn Færeysja
- 29 Kvöld á Mykines-eyju, 1950  
Olía á striga, 80 x 89 sm, Listasafn Færeysja
- 30 Vor, 1951  
Olía á striga, 130 x 178 sm, Listasafn Færeysja
- 31 Báturinn dreginn á land, 1952  
Olía á striga, 119 x 159 sm, Listasafn Færeysja
- 32 Útsýni frá Lamba, 1952  
Olía á striga, 66 x 80 sm, Eik Banki
- 33 Brim við lendinguna, 1952  
Olía á striga, 100 x 125 sm, Listasafn Færeysja
- 34 Póstbáturinn (Brottför), 1954–1955  
Olía á striga, 110 x 150 sm, Listasafn Færeysja
- 35 Frá Mykines-eyju, 1955  
Olía á striga, 65 x 80 sm, Færeysjabanki
- 36 Grindardráp, 1957  
Olía á striga, 99 x 148 sm, Færeysjabanki
- 37 Frá Mykines-eyju, 1957  
Olía á striga, 76 x 96 sm, Færeysjabanki
- 38 Handanágarður, 1957  
Olía á striga, 65 x 80 sm, Listasafn Færeysja
- 39 Norðanvindur, 1957  
Olía á striga, 100 x 155 sm, Listasafn Færeysja
- 40 Grindardráp, 1958  
Olía á striga, 156 x 188 sm, Safn Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar
- 41 Vetrarmorgunn, 1958  
Olía á striga, 105 x 120 sm, Listasafn Færeysja




Bálkostur á Borgundarhólmi, 1966

Olía á striga, 78 x 93 sm

Listasavn Færeysja

- 42 Útsýni frá Mykineshólmi, 1959  
Olía á striga, 100 x 124 sm, Eik Banki
- 43 Frá Mykines-eyju, 1959  
Olía á striga, 74 x 99 sm, Færeyjabanki
- 44 Brim við Mykines-eyju, 1959  
Olía á striga, 102 x 128 sm, Listasafn Færeyja
- 45 Mykines, 1960  
Olía á striga, 89 x 99 sm, Færeyjabanki
- 46 Mykinesþorp, 1961  
Olía á striga, 63 x 79 sm, Færeyjabanki
- 47 Portrett af bláklæddum sjómanni, um 1963  
Olía á striga, 100 x 84 sm, Safn Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar, Hótel Holti
- 48 Bálköstur á Borgundarhólmi, 1966  
Olía á striga, 78 x 93 sm, Listasafn Færeyja
- 49 Hafsýn (Bovbjerg), 1971  
Olía á striga, 108 x 118 sm, Listasafn Færeyja



LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
KJARVALSSTABIR • HAFNARHÚS • ÁSMUNDARSAFN